**138. löggjafarþing 2009–2010.** **Prentað upp.**
**Þskj. 1245 — 613. mál.** Viðbót við 4. tölul.

# Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um afnot af efni Ríkisútvarpsins ohf.

Þar sem spurningar háttvirts þingmanns snerta starfsemi Ríkisútvarpsins beint var óskað eftir svörum frá stofnuninni.

1. *Hvaða reglur gilda um lán, sölu, leigu eða aðra notkun á mynd og hljóðefni Ríkisútvarpsins ohf.?*

Ríkisútvarpið er bundið af lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf., sem og af ákvæðum útvarpslaga, nr. 53/2000, höfundalaga, nr. 73/1972, og samningi um útvarpsþjónustu í almannaþágu milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Ríkisútvarpsins ohf. Auk þess gildir að öllum er heimill aðgangur að safni Ríkisútvarpsins á opnunartíma þess. Starfsfólk leiðbeinir gestum við leit og afgreiðir efni til skoðunar og hlustunar endurgjaldslaust. Ekki er heimilt að lána efni út af safninu. RÚV selur aldrei einkarétt að hljóð- eða myndefni í eigu félagsins. Hins vegar hafa einstaklingar, fyrirtæki og opinberir aðilar keypt tímabundinn afnotarétt að hljóð- og/eða myndefni.

2. *Er í gildi gjaldskrá fyrir afnot af efni Ríkisútvarpsins ohf. og ef svo er, hvernig er hún?*

Gjaldskrá RÚV má sjá hér á eftir. Ef um er að ræða afritun á efni sem eingöngu er ætlað til einkanota greiðir viðkomandi 6.250 kr. með vsk. fyrir hvern þátt.

## Verðskrá Ríkisútvarpsins, hljóð- og myndefni, janúar 2010.

| | Eitt land < 1 millj. íbúar / Single country pop. < 1 mill. [USD] | [ISK] | Eitt land > 1 millj. íbúar / Single country pop. > 1 mill. [USD] | Europe [USD] | World [USD] |
|---|---|---|---|---|---|
| **SJÓNVARP** / TV | 300 | 39.000 | 1.200 | 1.600 | 2.200 |
| **Mynddiskar** / DVD | 200 | 26.000 | 500 | 650 | 900 |
| **KVIKMYND** / CINEMA | 150 | 19.500 | 500 | 650 | 900 |
| **HÁTÍÐIR** / FESTIVALS | 150 | 19.500 | 500 | 650 | 900 |
| **VERALDARVEFURINN** / INTERNET | 900 | 117.000 | 900 | 900 | 900 |
| **KENNSLUEFNI** / EDUCATIONAL | 150 | 19.500 | | | |
| **AUGLÝSINGAR** / ADVERTISING* | 400 | 52.000 | | | |
| **ALLIR MIÐLAR** / ALL MEDIA | 5.000 | 650.000 | 5.000 | 5.000 | 5.000 |
| **DVD með tímakóda** / SCREENING | 50 | 6.500 | 50 | 50 | 50 |
| **VIÐBÓTAR MASTER** / EXTRA ITEM MIN. | 10 | 1.300 | 10 | 10 | 10 |

*ISK 52.000 fyrstu 0-5 sek. 12,5% eða 6.500 ISK/sek. eftir það. / USD 400 for first 0-5 sec. 12,5% or USD 50 pr. extra sec.

Réttindagreiðslur miðast við hvert hljóð- og/eða myndbrot á master m.v. hverja byrjaða mínútu. Réttur er til einnar útsendingar á 5 ára tímabili. Hálft gjald er tekið fyrir endurflutning.
Ef keyptur er réttur fyrir alla miðla miðast hvert hljóð- og/eða myndbrot á master m.v. hverja byrjaða mínútu. Réttur til útsendingar í 10 ár.

All license fees are per item - Master and minute started, one broadcast and license period of max 5 yrs. Extra broadcast half price. All media license fees are per item and minutes started and license period of 10 yrs.

| **Stakir liðir** / Single item | [ISK] | [USD] |
|---|---|---|
| CD með hulstri / CD with case | 500 | 4 |
| DVD með hulstri / DVD with case | 500 | 4 |
| Umsýslukostnaður (byrjaðar 30 mín) / Handling | 1.500 | 12 |
| Afritun sjónvarps / Duplication TV | 5.000 | 38 |
| Afritun sjónvarps 0 - 3 mín (40%) / Duplic. TV | 2.000 | 15 |
| Afritun sjónvarp 3 - 5 mín (60%) / Duplic. TV | 3.000 | 23 |
| Afritun útvarpsefnis af bandi / Duplic. Radio | 5.200 | 40 |
| Afritun útvarpsefnis úr gagnagrunni / Duplic. Database Radio | 500 | 4 |

**Póstburða- og umsýslugjald er ekki innifalið.** / Shipping and handling not included.

3. *Gilda sömu reglur og gjaldskrá um starfsmenn eða verktaka Ríkisútvarpsins ohf. og aðra sem óska eftir afnotum af efni? Ef ekki, hvaða reglur gilda þá?*

Það gilda sömu reglur fyrir alla. Í þeim tilvikum sem þættir eru unnir fyrir RÚV eða að frumkvæði RÚV er ekki gjaldfærður kostnaður fyrir myndefni enda á RÚV ótímabundinn ráðstöfunarrétt á þættinum.

4. *Eru í gildi samningar við einhverja aðila um afnot af efni Ríkisútvarpsins ohf. og þá við hverja?*

RÚV hefur gert samninga við mjög marga innlenda og erlenda aðila, einkum listamenn og kvikmyndagerðarmenn um að fá tímabundinn afnotarétt á efni RÚV til útgáfu í verkum þeirra. Viðkomandi ber ábyrgð á útgáfunni en greiðir RÚV fyrir tímabundinn afnotarétt. Gagnkvæmur samningur er milli sjónvarpsstöðvanna um afnot myndefnis í allt að 90 sek. í hverjum þætti.

Á tímabilinu apríl 2009 til loka apríl 2010 voru gerðir samningar við eftirtalda innlenda og erlenda aðila:

- Stórsaga
- Sögusafn íslenska hestsins
- Hands up Music
- Thors Saga
- Tónlistarsafn Íslands
- Alina Dubic
- Kjartan Ólafsson
- Grímsfilm
- Leikfélag Reykjavíkur
- Gríman
- Leiklistasafn Íslands
- Tim Buzbee
- Ljósop
- Blueeyes
- Verkís
- Ground Control Productions
- Jón Ásmundsson
- Árbæjarsafn
- Eiður Ágúst Gunnarsson
- Listasafn Íslands
- Stefán Loftsson
- Grýta

– Listasafnið Akureyri
– Drengjakór Reykjavíkur
– Sena
– Profilm and Scandinature
– Poppoli
– Ljósband
– Norðuróp
– Argout Film
– Hvíta fjallið
– Helgi Felixsson
– Mývatnsstofan ehf.
– Lazytown Extra ehf.
– REC studio
– Seltjarnarneskaupstaður
– Sagafilm
– Pioneer productions
– History Channel
– Red Marbel Media
– Atlantic productions
– Danmarks Radio
– Canadian Broadcasting Corporation
– EMI Music France
– Hit Entertainment
– Schweiser Fernsehen
– Cicada Productions
– NRK
– AR-studios
– Credit info
– Info network
– Tokyo Brodcasting System Television Inc
– KM Presse
– ARD
– Tv3 Catalonia
– BBC
– ABC network
– Thomson Reuters
– Earthlink
– APTN
– Societe Européenne de Production
– TF1 production
– Moxie Firecravker film
– ZDF
– Ushuaia Nature

5. *Hvernig bregst Ríkisútvarpið ohf. við notkun efnis án heimildar eða samnings?*
RÚV fer í þeim efnum eftir ákvæðum höfundalaga, nr. 73/1972.